Töfrandi tónheimur Hilmars

TÓNLIST
VERNHARÐUR LINNET



TYFT - Smell The Difference
★★★★½

Það er dynjandi djass um alla borg eins og flestir vita sem fylgjast með íslensku menningarlífi. Sl. sunnudag var opnuð listsýning á Kjarvalsstöðum, Jazzóður, þar sem sjá má djassmyndir Tryggva Ólafssonar, Sigurðar Örlygssonar, Sigurbjarnar Jónssonar og Grétars Reynissonar. Við opnunina lék sænska píanótríóið MMM og Hilmar Jensson og Jim Black. Hilmar og Jim koma mikið við sögu djasssmiðju á Kjarvalsstöðum þessa viku og ræða m.a. um tónlist sína. Dúó þeirra á Kjarvalsstöðum var hreint eyrnayndi og lagði Hilmar eftirminnilega út frá söngdansinum gamla „Golden Earrings“ inná milli frjáls spunans. Sá spuni er ekki aðalefni þessarar umfjöllunar heldur fjórði diskur Hilmars með TYFT, *Smell The Difference*. Að vísu voru fyrstu tveir diskarnir gefnir út undir nafni Hilmars, en hann er ætíð miðpunkturinn, enda semur hann nær alla tónlistina.



Smell The Difference er kynngimögnuð skífa sem hefur að geyma átta verk eftir Hilmar. Þó ég viti minnst um hinar ýmsu greinar metalrokks, er mér ljóst að Hilmar hefur kannað alla þá stigu og honum tekst frábærlega að sameina þungan hryninn laglínum sínum, oftar en ekki einföldum en markvissum, og hinum flókna spuna blásaranna af ætt frjálsdjassins. Það er gaman að heyra hversu sprækur Andrew ÓAngelo er á þessari skífu hafandi náð sér eftir erfið veikindi og þó hann hafi margt frá Ornette Coleman eru hugmyndirnar hans.

Mörgum þótti Ornette nálgast rokkið janvel meira en Miles Davis er „harmolodic“ stíll hans leit dagsins ljós; en það var barnaleikur miðað við Hilmar og Jim, sem er þessi hrynur í blóð borinn. Samt má kalla þennan disk djassdisk því það orð nær yfir stóran hluta spunatónlistar okkar tíma. Þrátt fyrir frjálsan spuna er tónlist Hilmars mjög knöpp í formi og öll lausung fjarri.

Í stuttri umfjöllun verður ekki fjallað um hvert verk, en ég nefni nokkra hápunkta í mínum eyrum: „Kryppa“ með stórskemmtilegum barrokkkafla klarinetts og bassaklarinetts undir rafhljóðum Hamiltons; samspuninn í „Klondike“ og trompetsólóar Evans í „Froth“ og „Clifton“ breiður og grófur tónn hans óborganlegur og samspilið við Hilmar ævintýralegt jafnt sem spuni hans og Andrews í „Clifton“.

Skífa sem leiðir næma hlustendur inná nýjar tónalendur spuna og hryns.



Páll Óskar og Monika Það verður þjóðlegur blær yfir þeim Páli og Moniku á Menningarnótt.

Þrenna á Menningarnótt

AÐDÁENDUR Páls Óskars geta svo sannarlega fengið hámarksskammt af stuði á Menningarnótt. Auk þess að loka stórtónleikum Rásar 2 í Hljómskálagarðinum heldur hann tvenna tónleika ásamt hörpuleikaranum Moniku Abendroth í Listasafni Einars Jónssonar. Fyrst kl. 16 og svo kl. 18. Aðgangur er ókeypis í listasafnið og því kjörið tækifæri til þess að upplifa popplög Palla í óhefðbundnum útsetningum áður en stiginn er trylltur dans í ljósadýrð Hljómskálagarðsins kl. 22.

9. áratugurinn á Kaffibarnum

TÓNLISTARKVÖLDIÐ „198X“ verður haldið á Kaffibarnum í kvöld. Þar verður lögð áhersla á upphaf nútíma danstónlistar frá 9. áratug síðustu aldar. Plötusnúðar verða Árni Kristjáns & Kalli. Sá fyrrnefndi spilar diskó-, fönk- og boogie-tónlist frá fyrri árum 9. áratugarins en Kalli tekur fyrir síðari helming áratugarins með tónlist frá byrjunarárum house-, electro- og techno-tónlistar.

Níundi áratugurinn var spennandi tími í tónlist af þessu tagi og nýbreytnin mikil. Tæki eins og hljóðsmalar, hljóðgervlar og trommuheilar ruddu sér til rúms og margar þær aðferðir sem tónlistarheimurinn í dag tekur sem gefnar urðu til hjá brautryðjendum þessara ára.

Kvöldið hefst kl. níu og stendur til kl. eitt. Frítt er inn.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Kalli Hluti af Breakbeat.is-hópnum.

Goldblum í blóma

STÓRLEIKARINN geðþekki Jeff gamli Goldblum er farinn að nálgast sextugt en það stöðvar hann ekki í að leita æskublómans hvað lífsförunauta varðar. Er karl nú að nudda sér upp við Taniu Raymonde, hina 21 árs gömlu leikkonu sem við könnumst við úr þáttunum *Lífsháska*. Sást til þeirra borða saman á Toast Bakery Cafe í Los Angeles nýverið og fór grunsamlega vel á með parinu að sögn sjónarvotta. Goldblum var kvæntur Patriciu Gau 1980-1986 og síðar leikkonunni Geenu Davis, 1987-1990. Fræg er lína Goldblums úr myndinni *Jurassic Park*, þar sem karakter hans, dr. Ian Malcolm, segist alltaf vera að leita að framtíðar fyrrverandi eiginkonu. Eins virðist vera með Goldblum sjálfan …



Sá gamli Jeff Goldblum lætur ekki að sér hæða.

LEIÐRÉTT

Röng dagsetning

Á ÞRIÐJUDAGINN var misrituðust dagsetningar nýmiðlunarráðstefnunnar You Are In Control. Þar stóð að hún væri haldin 15. og 16. september næstkomandi en hið rétta í málinu er að hún verður haldin 23. og 24. september. Er beðist velvirðingar á þessum misskilningi.

NÝJAR HAUSTVÖRUR



SELECTED
FEMME / HOMME

HERRA KRINGLAN / DÖMU & HERRA SMÁRALIND